

Lögreglustjóri skal eigi veita leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 1. málsg. fyrir en lagðar hafa verið fram fullnægjandi sannanir fyrir því, að þeir, er leyfis leita, hafi rétt til þess. Eigi verður félagi veitt leyfi til áfengisveitinga á árshátíð nema einu sinni hvert ár. Lögreglustjóri skal ganga úr skugga um, að þau sérstöku tilefni til samkvæmishalds, sem tilgreind eru í leyfisbeiðni, séu fyrir hendi. Beiðni um leyfi skal vera skrifleg, svo og leyfi, sem veitt er. Skal þar getið tilefnis leyfisins og hvar og hvenær samkvæmi skuli haldið. Samrit leyfis skal jafnóðum sent dómsmálaráðuneytinu.

16. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi eða einstakar áfengistegundir. Með auglýsingu er m. a. átt við hvers kyns tilkynningu eða birtingu til almennings og hverja þá aðferð aðra, sem felur í sér hvatningu til kaupa eða neyslu áfengis.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. maí 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2.500,00
Millifiskur nr. 1	2.300,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2.000,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1.850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1983.

**F. h. r.
Jón L. Arnalds.**

Kristín Magnússon.